

# K-20P ÍSKRAPAVÉL

## HÁMARKAÐU AFLAVERÐMÆTI MEÐ RÉTTRI KÆLINGU

Rétt meðferð og kæling á afla frá veiðum til afhendingar er lykillinn að því að hámarka aflaverðmæti. Kæling ehf. sérhæfir sig í kælingu afla frá því að hann er veiddur og þar til hann er fullunninn í landi.

### Af hverju að nota ískrapa?

Ískrapi er ein besta kælileið fyrir afla sem er í boði. Ískrapi umleikur allan aflann og tryggir þannig jafnari og betri kælingu t.d. í samanburði við hefðbundinn ís. Flekkir á roði vegna ójafnrar kælingar heyrja sögunni til. Auðvelt að dæla ískrapanum þar sem best er nýta hann í ferlinu hvort sem það er á sjó eða í landi.

### Ískrapi notaður um borð og í landi

Vinsældir ískrapa fara ört vaxandi bæði á sjó og í landi. Ískrapi hentar afar vel fyrir allan afla úr sjó og einnig önnur matvæli. Þykkni ískrapa getur verið misjafnt frá 15% í 40% íþykkni á móti sjó. Þunnur ís 15-20% er notaður við vinnslu en þykkari upp í 40% þegar ísa á afla niður í kör.

### K-20P ískrapavélin í hnotskurn

K-20P getur framleitt allt að 5.770 lítra af ískrapa á klukkustund. Vélin er búinn forkæli sem tryggir jöfn afköst við allt að 20°C sjóhita. Saltinnihald þarf að vera 2,6% NaCl að lágmarki. Ef auka þarf saltinnihald er hægt að nýta saltþækilkerfi. Sjónotkun við 15° er allt að 6.500 lítrar á klukkustund og sjósiun 30 míkron.

### Fyrirferðalítil búnaður og sveigjanlegur í uppsetningu

Ískrapavélar taka lítið pláss miðað við afköst og eru samsettar úr sjálfstæðum einingum. Sveigjanleiki í uppsetningu er því mjög mikill þannig að ískrapavélar hefur alltaf verið komið fyrir þrátt fyrir takmarkað pláss. Stjórnborð fyrir ískrapavélar eru tölvustýrð og með snertiskjá. Tengja má mörg stjórnborð við hverja ískrapavél. Algengt er að vera með stjórnölvu í brú og aðra á vinnsludekki. Lagnir eru leiddar frá ískrapavél á þann stað eða staði þar sem nýta þarf ískrapann

### Ending og áreiðanleiki

Fyrstu ískrapavélarinnar frá Kælingu voru teknar í notkun árið 2005 og eru allar þær vélar sem Kæling ehf. þjónustar ennþá í notkun. Með reglubundnu eftirliti og réttu viðhaldi má reikna með endingu í 25 ár eða jafnvel lengur.



### Tækniupplýsingar

Ísframleiðslugeta við 0° sjóhita:	5.770 l/klst. af 10% ís og 180 l/klst. af 40% ís
Forkælir:	Forkælir heldur uppi jöfnum afköstum ískrapavélarinnar við allt að 15° sjóhita
Kæliafköst ískrapa við 0° sjóhita:	60.346 kcal/klst.
Lágmarks saltinnihald:	2,6% NaCl
Orkuþörf í keyrslu:	48Kw
Utanmál í mm LxBxH:	2000x1300x1850
Þyngd:	1.780kg kg
Kælímíðill:	404A/449A
Sjósiun:	30my
Sjónotkun við 15°:	6.500 l/klst.

Kæling ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kælilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með réttri kælingu á öllum stigum. Kælilausnir frá Kælingu hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.



Kæling